

Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 18. janúar 2021
Tilvísun: 2020123102/SBM

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um laga um Barna- og fjölskyldustofu

Persónuvernd vísar til beiðni velferðarnefndar Alþingis frá 17. desember 2020 um umsögn um um drög að frumvarpi til laga um Barna- og fjölskyldustofu (þskj. 441, 355. mál á 151. löggjafarþingi).

Í frumvarpinu er kveðið á um nýja stjórnslustofnun, Barna- og fjölskyldustofu, sem ætlað er að sinna ýmsum verkefnum sem tengjast þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra. Stofnuninni er ætlað að taka við hluta af verkefnum Barnaverndarstofu, sem samhlíða yrði lögð niður, auk annarra verkefna á grundvelli frumvarpsins og verkefna í sérlögum, m.a. í lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Markmið Barna- og fjölskyldustofu er að vinna að velferð barna og meginhlutverk stofnunarinnar er að veita og styðja við þjónustu í þágu barna og stuðla að gæðapróun. Barna- og fjölskyldustofu er ætlað að vera leiðandi miðstöð sem veiti þeim fjölbreytta hópi stofnana og einkaaðila sem veitir þjónustu í þágu barna stuðning við framkvæmd verkefna sinna.

Verkefni Barna- og fjölskyldustofu eru skilgreind í frumvarpinu en einnig er nánar kveðið á um tiltekin verkefni í ýmsum sérlögum, svo sem í barnaverndarlögum, lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, lögum um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Í frumvarpinu og í sérlögum um verkefni Barna- og fjölskyldustofu er gert ráð fyrir því að stofnunin fái víðtækt hlutverk við vinnslu upplýsinga, þ.m.t. persónuupplýsinga. Þá er stofnuninni veitt heimild til að starfrækja gagnagrunna og stafrænar lausnir.

Þann 6. október 2020 óskaði félagmálaráðuneytið eftir umsögn Persónuverndar um drög að frumvarpi til laga um Barna- og fjölskyldustofu. Persónuvernd veitti umsögn, dags. 13. nóvember s.á., og fylgir hún hjálögð. Í umsögninni voru gerðar athugasemdir við frumvarpsdrögin en við þeim hefur nú verið brugðist að hluta. Í þeirri umsögn sem nú er veitt eru ítrekaðar þær athugasemdir sem Persónuvernd telur að ekki hafi verið brugðist við.



1.

Í 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins eru upptalin þau verkefni sem Barna- og fjölskyldustofu eru meðal annars falin. Segir þar í 7. tölul.: „Vinnsla upplýsinga, þ.m.t. söfnun og skráahald.“. Þá er í 4. gr. frumvarpsins fjallað nánar um heimildir stofnunarinnar til vinnslu persónuupplýsinga.

Í 3. kafla greinargerðar með frumvarpinu er fjallað um meginhlutverk stofnunarinnar. Í d-lið kaflans segir að gert sé ráð fyrir að stofnunin fái víðtækt hlutverk við vinnslu upplýsinga, þ.m.t. persónuupplýsinga. Þá segir að einkum sé átt við hlutverk stofnunarinnar við vinnslu persónuupplýsinga, þ.m.t. að ákvarða tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt frumvarpi til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, sbr. 4. tölul. 6. gr. frumvarpsins.

Ekki er að finna frekari umfjöllun um Barna- og fjölskyldustofu sem ábyrgðaraðila í frumvarpinu en hins vegar er ítarleg umfjöllun um efnið í athugasemdum með 6. gr. frumvarps til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Þar er einnig fjallað um vinnsluaðila og hvernig lítið er á samband ábyrgðaraðila og vinnsluaðila við vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt frumvörpunum. Í kafla 1 í umsögn Persónuverndar, dags. 18. janúar 2021, um frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (þskj. 440, 354. mál á 151. löggjafarþingi) eru gerðar athugasemdir við framangreint og vísast til þeirrar umfjöllunar, umsögn þessari til fyllingar. Jafnframt er vísað um þetta atriði til fyrri umsagnar Persónuverndar til félagsmálaráðuneytisins um frumvarp til laga um Barna- og fjölskyldustofu, dags. 13. nóvember 2020.

2.

Í 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins segir að Barna- og fjölskyldustofu sé heimil vinnsla persónuupplýsinga sem nauðsynleg sé vegna verkefna stofnunarinnar. Barna- og fjölskyldustofu og Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála er samkvæmt ákvæðinu heimil miðlun upplýsinga sín á milli í þágu verkefna stofnananna.

Að mati Persónuverndar er nauðsynlegt að kveðið sé skýrt á um það að miðlun samkvæmt framangreindu sé ekki umfram það sem nauðsynlegt má telja, í samræmi við meðalhófskröfu persónuverndarlaganna.

Þá segir jafnframt í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins:

„Stofnunin getur krafist þá aðila sem vísað er til í 1. mgr. um upplýsingar og skýringar sem stofnunin telur nauðsynlegar til að sinna verkefnum sem henni eru falin að lögum.“

Persónuvernd leggur til að eftirfarandi orðalagsbreytingu:

„Stofnunin getur krafist þá aðila sem vísað er til í 1. mgr. um upplýsingar og skýringar sem nauðsynlegar eru til að sinna verkefnum sem henni eru falin að lögum.“

Þá telur Persónuvernd að ekki sé skýrt af 2. mgr. 4. gr. við hvaða aðila er átt sem þar er vísað til. Skýra þurfi með nákvæmari hætti til hvaða aðila ákvæðið tekur.

3.

Í fyrrgreindu mati á áhrifum á persónuvernd kemur fram að þar sem stór hluti af verkefnum Barna- og fjölskyldustofu krefjist þess að unnið sé með viðkvæmar persónuupplýsingar sé gengið út frá því að



stofnunin setji sér viðmið í þessum efnum auk þess að hafa skýra og aðgengilega persónuverndarstefnu. Þá kemur jafnframt fram að gengið sé út frá því að stofnunin verði með sinn eigin persónuverndarfulltrúa.

Persónuvernd áréttar mikilvægi þess að við alla vinnslu persónuupplýsinga sé ávallt tryggt að vinnslan sé í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglugerð (ESB) 2016/679.

Þar sem um viðamikla vinnslu persónuupplýsinga er að ræða er sérstaklega ítrekuð nauðsyn þess að ávallt sé gætt meðalhófs við vinnslu persónuupplýsinga og ekki skráðar meiri upplýsingar en nauðsynlegt er talið miðað við tilgang vinnslunnar, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018, og að öryggi við vinnslu persónuupplýsinga verði tryggt með fullnægjandi hætti.

4.

Í 5. gr. frumvarpsins segir að Barna- og fjölskyldustofu sé heimilt að starfrækja gagnagrunn og stafrænar lausnir vegna verkefna sem unnin eru á grundvelli laga sem talin eru upp í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins, þ.e. barnaverndarlaga, laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, laga um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu og laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Þá segir að gagnagrunnana megi jafnframt starfrækja í þágu Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála.

Í athugasemdum við ákvæðið segir að einkum sé horft til gagnagrunns er snúi að barnavernd og gagnagrunns og stafrænna lausna sem tengist samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Í kafla 6 í greinargerð með frumvarpinu segir að mat á áhrifum á persónuvernd hafi m.a. leitt í ljós tiltekna áhættuþætti varðandi umfang vinnslu persónuupplýsinga á grundvelli frumvarpsins, þ.m.t. áhættu vegna fjölda aðila sem miðla upplýsingum til stofnunarinnar og að vinnsla persónuupplýsinga yrði of umfangsmikil og umfram nauðsyn vegna eðlis verkefna stofnunarinnar. Þá segir að unnt sé að draga úr þessari áhættu með ýmsum aðgerðum, t.d. með setningu viðmiða um vinnslu persónuupplýsinga, aðgangsstýringum í vinnslukerfum stofnunarinnar og þróun gagnagrunna og stafrænna lausna.

Í fyrrgreindu mati á áhrifum á persónuvernd kemur fram að gagnagrunnurinn og stafrænar lausnir muni jafnframt að líkindum nýtast fyrir varðveislu gagna Barna- og fjölskyldustofu og miðlun á grundvelli frumvarpsins enda séu þeir aðilar sem fá heimildir til vinnslu og miðlunar til Barna- og fjölskyldustofu jafnframt notendur þessara gagnagrunna. Þá segir að tæknilausnir þær sem vinnsla persónuupplýsinga muni fara fram í liggi ekki fyrir og því sé ekki unnt að framkvæma fullt mat á ýmsum atriðum.

Drátt fyrir að gildistökuákvæði frumvarpsins hafi nú verið breytt frá því Persónuvernd fékk frumvarpsdrögin fyrst til umsagnar og aðlögunartími fram að gildistöku lengdur vekur stofnunin athygli á því að verði lög sett á grundvelli frumvarpsins er mjög brýnt að tryggt verði að öryggi við vinnslu persónuupplýsinga verði með fullnægjandi hætti og að öllu leyti í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í lögum nr. 90/2018 og reglugerð (ESB) 2016/679, sbr. einkum 27. gr. laganna og 32.-34. gr. reglugerðarinnar. **Nauðsynlegt er að öryggið sé tryggt frá fyrsta degi, þ.e. frá gildistöku laganna.** Er í því sambandi meðal annars til þess að líta að um er að ræða vinnslu persónuupplýsinga




sem í mörgum tilvikum geta talist mjög viðkvæmar, auk þess sem þær varða börn, en persónuupplýsingar barna njóta sérstakrar verndar samkvæmt ákvæðum laga nr. 90/2018 og reglugerðar (ESB) 2016/679. Sameiginlegar reglur um vinnslu persónuupplýsinga af hálfu Barna- og fjölskyldustofu gætu nýst í þeirri vinnu en jafnframt er mikilvægt að notast verði við öruggar tæknilausnir við vinnsluna.

Í þessu sambandi vill Persónuvernd benda á mikilvægi þess að tryggt sé að aðlögunartími fram að gildistöku laganna sé nægjanlegur þannig að hæfilegt svigrúm gefist til að útfæra öruggar stafrænar lausnir fyrir gildistöku. Þá minnir Persónuvernd á mikilvægi þess að við útfærslu gagnagrunna og stafrænna lausna verði hugað vel að áhættumati og öryggisprófunum og að mat á áhrifum á persónuvernd verði uppfært. Sérstaklega er mikilvægt að huga að og skilgreina hvernig aðgangsstýringu að fyrrgreindum gagnagrunnum og stafrænum lausnum verði háttað. Er þar meðal annars til þess að líta að fyrirhugað er að gagnagrunnarnir verði nýttir af tveimur stofnunum og huga þarf sérstaklega að aðgangsstýringu hvorrar stofnunar fyrir sig.

Ekki eru að öðru leyti gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins að svo stöddu, en verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,


Helga Sigríður Þórhallsdóttir


Steinunn Birna Magnúsdóttir

Félagsmálaráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík, 13. nóvember 2020
Tilvísun: 2020102530/SBM

Efni: Umsögn Persónuverndar um drög að frumvarpi til laga um Barna- og fjölskyldustofu

Persónuvernd vísar til beiðni félagsmálaráðuneytisins, dags. 6. október 2020, þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um drög að frumvarpi til laga um Barna- og fjölskyldustofu.

Í drögum að frumvarpinu er kveðið á um nýja stjórnábyrgðastofnun, Barna- og fjölskyldustofu, sem ætlað er að sinna ýmsum verkefnum sem tengjast þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra. Stofnuninni er ætlað að taka við hluta af verkefnum Barnaverndarstofu, sem samhliða yrði lögð niður, auk annarra verkefna á grundvelli frumvarpsins og verkefna í sérlægum, m.a. í lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Markmið Barna- og fjölskyldustofu er að vinna að velferð barna og meginhlutverk stofnunarinnar er að veita og styðja við þjónustu í þágu barna og stuðla að gæðapróun. Barna- og fjölskyldustofu er ætlað að vera leiðandi miðstöð sem veiti þeim fjölbreytta hópi stofnana og einkaaðila sem veitir þjónustu í þágu barna stuðning við framkvæmd verkefna sinna.

Verkefni Barna- og fjölskyldustofu eru skilgreind í drögum að frumvarpinu en einnig er nánar kveðið á um tiltekin verkefni í ýmsum sérlægum, svo sem í barnaverndarlögum, lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, lögum um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Í frumvarpsdrögunum og í sérlægum um verkefni Barna- og fjölskyldustofu er gert ráð fyrir því að stofnunin fái víðtækt hlutverk við vinnslu upplýsinga, þ.m.t. persónuupplýsinga. Þá er stofnuninni veitt heimild til að starfrækja gagnagrunna og stafrænar lausnir.

Persónuvernd gerir athugasemdir við eftirfarandi atriði:

1.

Í 2. mgr. 3. gr. draganna eru upptalin þau verkefni sem Barna- og fjölskyldustofu eru meðal annars falin. Segir þar í g-lið: „Vinnsla upplýsinga, þ.m.t. söfnun og skráahald.“. Þá er í 4. gr. draganna fjallað nánar um heimildir stofnunarinnar til vinnslu persónuupplýsinga.

Í 3. kafla greinargerðar með frumvarpinu er fjallað um meginhlutverk stofnunarinnar. Í d-lið kaflans segir að gert sé ráð fyrir að stofnunin fái víðtækt hlutverk við vinnslu upplýsinga, þ.m.t. persónuupplýsinga. Meðal annars sé átt við ábyrgð á vinnslu slíkra gagna vegna samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna.

Er þetta ábyrgðarhlutverk ekki skilgreint nánar í frumvarpinu en í d-lið 6. gr. frumvarpsdraga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna er fjallað um verkefni Barna- og fjölskyldustofu. Þar segir að Barna- og fjölskyldustofa beri ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinga á grundvelli IV. og V. kafla



laganna, þ.m.t. skyldu til að gera viðeigandi ráðstafanir sem tryggja að vinnsla persónuupplýsinga við samþættingu þjónustu sé í samræmi við lög.

Í mati á áhrifum á persónuvernd sem fylgdi frumvarpsdrögum segir að Barna- og fjölskyldustofa verði ábyrgðaraðili á vinnslu persónuupplýsinga sem miðlað er til stofnunarinnar. Eftir að gögn séu komin til Barna- og fjölskyldustofu beri sú stofnun ábyrgð á að vinnsla þeirra sé í samræmi við ákvæði persónuverndarlaga auk þess sem stofnuninni beri að vera með fullnægjandi skráningar- og skjalakerfi, sbr. lög um opinber skjalasöfn.

Í þessu sambandi vekur Persónuvernd athygli á að hugtakið *ábyrgðaraðili* er skilgreint í 6. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2018. Segir þar að ábyrgðaraðili sé einstaklingur, lögaðili, stjórnvald eða annar aðili sem ákveður einn eða í samvinnu við aðra tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga.¹ Þá segir í 7. tölul. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 (almennu persónuverndarreglugerðarinnar) að ábyrgðaraðili sé einstaklingur eða lögaðili, opinbert yfirvald, sérstofnun eða annar aðili sem ákvarðar, einn eða í samvinnu við aðra, tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga. Ef tilgangur og aðferðir við slíka vinnslu séu ákveðin í lögum sé heimilt að tilgreina ábyrgðaraðila eða sérstakar viðmiðanir fyrir tilnefningu hans í lögum.

Með vísan til framangreinds vill Persónuvernd árétta að ákvörðun um það hver sé ábyrgðaraðili vinnslu, t.d. ef til ágreinings kæmi, er ávallt tekin á grundvelli fyrrgreindra sjónarmiða sem tiltekin eru í lögum nr. 90/2018 og reglugerð (ESB) 2016/679. Við þá ákvörðun ber þá jafnframt að hafa hliðsjón af þeim lögum sem gilda um viðkomandi starfsemi og því hver ábyrgð og verkefni viðkomandi aðila eru samkvæmt þeim. Þá kunna mismunandi sjónarmið að eiga við um mismunandi vinnslu í því samhengi, svo sem um miðlun til Barna- og fjölskyldustofu annars vegar og eftirfarandi vinnslu á vegum stofnunarinnar hins vegar.

2.

Í 1. mgr. 4. gr. draganna segir að Barna- og fjölskyldustofu sé heimil vinnsla persónuupplýsinga sem nauðsynleg sé vegna verkefna stofnunarinnar. Jafnframt segir að miðlun persónuupplýsinga milli stofnunarinnar og þeirra sem veiti þjónustu á grundvelli laga sem falla innan valdmarka hennar, sbr. 2. mgr. 1. gr. draganna, sé heimil ef slík miðlun er nauðsynleg til þess að þær stofnanir geti sinnt verkefnum sínum.

Persónuvernd bendir á að þar sem þeir aðilar sem veita þjónustu á grundvelli þeirra laga sem tilgreind eru í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsdraganna geta verið stofnanir eða einkaaðilar kann að vera óheppilegt að vísa eingöngu til þess að stofnanir geti sinnt hlutverki sínu. Því er lagt til að orðalagi málsgreinarinnar verði breytt í samræmi við framangreint.

Barna- og fjölskyldustofu og Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála er samkvæmt ákvæðinu jafnframt heimil miðlun upplýsinga sín á milli í þágu verkefna stofnananna.

¹ Evrópska persónuverndarráðið hefur birt drög að nýjum leiðbeiningar um ábyrgðaraðila og vinnsluadila . Drögin má nálgast á vefsíðu ráðsins: https://edpb.europa.eu/our-work-tools/public-consultations-art-704/2020/guidelines-072020-concepts-controller-and-processor_en



Að mati Persónuverndar er nauðsynlegt að kveðið sé skýrt á um það að miðlun samkvæmt framangreindu sé ekki umfram það sem nauðsynlegt má telja, í samræmi við meðalhófskröfu persónuverndarlaganna.

Þá getur Barna- og fjölskyldustofa, samkvæmt 2. mgr. 4. gr. frumvarpsdraganna, krafist þá aðila sem vísað er til í 1. mgr. ákvæðisins um þær upplýsingar og skýringar sem stofnunin telur nauðsynlegar til að sinna verkefnum sem henni eru falin í lögum.

Persónuvernd telur að ekki sé skýrt af 2. mgr. 4. gr. við hvaða aðila er átt. Skýra þurfi með nákvæmari hætti til hvaða aðila ákvæðið tekur.

3.

Persónuvernd leggur til að vísað verði með skýrum hætti til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga í ákvæði 4. gr. draganna sem fjallar um vinnslu persónuupplýsinga. Er því lagt til að bætti verði nýrri málsgrein við 4. gr. draganna sem orðist svo:

„Um alla vinnslu persónuupplýsinga fer eftir lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.“

4.

Í mati á áhrifum á persónuvernd sem fylgdi frumvarpsdrögum kemur fram að þar sem stór hluti af verkefnum Barna- og fjölskyldustofu krefjist þess að unnið sé með viðkvæmar persónuupplýsingar sé gengið út frá því að stofnunin setji sér viðmið í þessum efnum auk þess að hafa skýra og aðgengilega persónuverndarstefnu. Þá kemur jafnframt fram að gengið sé út frá því að stofnunin verði með sinn eigin persónuverndarfulltrúa.

Persónuvernd áréttar mikilvægi þess að við alla vinnslu persónuupplýsinga sé ávallt tryggt að vinnslan sé í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglugerð (ESB) 2016/679.

Þar sem um viðamikla vinnslu persónuupplýsinga er að ræða er sérstaklega ítrekuð nauðsyn þess að ávallt sé gætt meðalhófs við vinnslu persónuupplýsinga og ekki skráðar meiri upplýsingar en nauðsynlegt er talið miðað við tilgang vinnslunnar, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018, og að tryggt verði að öryggi við vinnslu persónuupplýsinga verði með fullnægjandi hætti.

5.

Í 5. gr. draganna segir að Barna- og fjölskyldustofa sé heimilt að starfrækja gagnagrunn og stafrænar lausnir vegna verkefna sem unnin eru á grundvelli laga sem talin eru upp í 2. mgr. 1. gr. laganna, þ.e. barnaverndarlaga, laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, laga um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu og laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Þá segir að gagnagrunninn megi jafnframt starfrækja í þágu Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála.



Í athugasemdum við ákvæðið segir að einkum sé horft til gagnagrunns í barnavernd og gagnagrunns og stafrænna lausna sem tengist samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Í mati á áhrifum á persónuvernd sem fylgdi frumvarpsdrögum kemur fram að gagnagrunnurinn og stafrænar lausnir muni þó jafnframt að líkindum nýtast fyrir varðveislu gagna Barna- og fjölskyldustofu og miðlun á grundvelli frumvarpsins enda séu þeir aðilar sem fá heimildir til vinnslu og miðlunar til Barna- og fjölskyldustofu jafnframt notendur þessara gagnagrunna.

Að mati Persónuverndar er ekki skýrt af framangreindu hvort til stendur að koma á fót einum eða fleiri gagnagrunnum. Er lagt til að frumvarpsdrögin verði yfirfarin með það í huga að skýra þetta nánar.

Einnig er fjallað um fyrrgreint hlutverk Barna- og fjölskyldustofu í 6. gr. frumvarpsdraga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Í kafla 6.2. í greinargerðinni sem fylgir þeim frumvarpsdrögum segir að mat á áhrifum á persónuvernd hafi leitt í ljós áhættu, sem muni fylgja því ef frumvarpið verði að lögum áður en lokið verði við gerð stafrænna lausna fyrir vinnslu upplýsinga samkvæmt því. Ekki sé raunhæft að hefja vinnu við gerð þessara lausna fyrr en frumvarpið hafi verið samþykkt og fyrirséð sé að henni muni ekki ljúka fyrr en eftir gildistöku laganna. Jafnframt kemur fram í mati á áhrifum á persónuvernd með frumvarpsdrögum um Barna- og fjölskyldustofu að tæknilausnir þær sem vinnsla persónuupplýsinga muni fara fram í liggi ekki fyrir og því sé ekki unnt að framkvæma fullt mat á ýmsum atriðum.

Persónuvernd vekur athygli á því að verði lög sett á grundvelli frumvarpsdraganna er mjög brýnt að tryggja verði að öryggi við vinnslu persónuupplýsinga verði með fullnægjandi hætti og að öllu leyti í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í lögum nr. 90/2018 og reglugerð (ESB) 2016/679, sbr. einkum 27. gr. laganna og 32.-34. gr. reglugerðarinnar. Er í því sambandi meðal annars til þess að líta að um er að ræða vinnslu persónuupplýsinga sem í mörgum tilvikum geta talist mjög viðkvæmar, auk þess sem þær varða börn, en persónuupplýsingar barna njóta sérstakrar verndar samkvæmt ákvæðum laga nr. 90/2018 og reglugerðar (ESB) 2016/679. Sameiginlegar reglur um vinnslu persónuupplýsinga af hálfu Barna- og fjölskyldustofu gætu nýst í þeirri vinnu.

Að auki vill Persónuvernd benda á að haga ætti gildistöku þannig að hæfilegt svigrúm gæfist til að útfæra öruggar stafrænar lausnir fyrir gildistöku. Þá minnir Persónuvernd á mikilvægi þess að við útfærslu gagnagrunns/gagnagrunna og stafrænna lausna verði hugað vel að áhættumati og öryggisprófunum og að mat á áhrifum á persónuvernd verði uppfært. Sérstaklega mikilvægt er að huga að og skilgreina með hvaða hætti aðgangsstýringu að fyrrgreindum gagnagrunni/gagnagrunnum og stafrænum lausnum yrði háttað. Er þar meðal annars til þess að líta að gagnagrunnurinn/gagnagrunnarnir verði nýttir af tveimur stofnunum og huga þarf sérstaklega að aðgangsstýringu hvorrar stofnunar fyrir sig.

6.

Í III. kafla draganna er fjallað um breytingar á ákvæðum annarra laga samhliða gildistöku.

Í 8. gr. draganna er fjallað um breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. 2. mgr. orðast svo: „Í þágu verkefna samkvæmt lögum þessum er stofnunum ríkisins heimilt að afla og vinna með nauðsynlegar upplýsingar um aðstæður barns.“

Í 9. gr. draganna er fjallað um breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002. Segir það að 8. gr. þeirra skuli orðast svo:



„Vinnsla persónuupplýsinga.

Í þágu verkefna samkvæmt lögum þessum er stofnunum ríkisins heimilt að afla og vinna með nauðsynlegar upplýsingar um aðstæður barns.“

Í 10. gr. draganna er fjallað um breytingar á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Þar segir að við 4. gr. a laganna bætist við tvær nýjar málsgreinar og orðast 2. mgr. svo: „Í þágu verkefna samkvæmt lögum þessum er stofnunum ríkisins heimilt að afla og vinna með nauðsynlegar upplýsingar um aðstæður barns.“

Framangreindum breytingum eru ekki gerð frekari skil í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu. Að mati Persónuverndar er óljóst og of víðtækt að nota orðalagið „stofnunum ríkisins“ í framangreindum tillögum. Svo tryggja megi að ákvæðum laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga sé fylgt í hvívetna er nauðsynlegt að ávallt sé skýrt hver hefur heimild til að vinna með persónuupplýsingar og í hvaða tilgangi. Þá þarf ávallt að tryggja að meginreglum laganna sé fylgt, m.a. um að vinnslan sé sanngjörn og að gætt sé meðalhófs.

7.

Í athugasemdum við 10. gr. draganna segir að við 4. gr. a laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir bætist tvær nýjar málsgreinar.

Persónuvernd vekur athygli á að í lögum nr. 38/2018 er ekki að finna ákvæði 4. gr. a.


8.

Í greinargerð með frumvarpsdrögum er í lið 6 fjallað um mat á áhrifum. Hins vegar er þar eingöngu um að ræða mat á fjárhagslegum áhrifum. Þrátt fyrir að gert hafi verið sérstakt mat á áhrifum á persónuvernd sem fylgdi frumvarpsdrögum er ekki að finna sérstaka umfjöllun um það í greinargerðinni. Að mati Persónuverndar er nauðsynlegt að bæta efnislegri umfjöllun um fyrrgreint mat á áhrifum á persónuvernd og niðurstöður þess inn í greinargerðina.

Ekki eru að öðru leyti gerðar athugasemdir við efni draganna að svo stöddu, en verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt. Þá áskilur Persónuvernd sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri við frumvarpsdrögin á síðari stigum.

F.h. Persónuverndar,


Helga Sigríður Þórhallsdóttir


Steinunn Birna Magnúsdóttir

